



Kópavogsbær

Helgaropnanir félagsmiðstöðva eldri borgara

Jón Kristján Rögnvaldsson
Kynning fyrir velferðarráð og öldungarráð 25. mars 2024

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026



Velferðarstefna Kópavogs

V.4.3. Góð andleg heilsa aldraðra

Stefnt er að auknum markvissum stuðningi við aldraða sem glíma við andleg veikindi, félagslega einangrun og/eða einmanaleika til þess að auka félagslega virkni og þátttöku í félagsstarfi.



Áætlun og dagskrá fyrir helgaropnanir v. 4.3.1.1.1.a.

- Liður í því að bæta andlega heilsu aldraðra sbr. aðgerð V.4.3 er að draga úr einmannaleika og félagslegri einangrun eldra fólks með því að bjóða uppá helgaropnun í félagsmiðstöðvum eldra fólks til reynslu í hálf ár.
- Öldungaráð og Félag eldri borgara í Kópavogi hafa um langt skeið óskað eftir því að öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs verði haldið opnum allar helgar til að bæta andlega heilsu aldraðra og draga úr félagslegri einangrun.
- Starfsfólki hefur verið falið að bjóða uppá skipulagða dagskrá allt að fjórum tímum, einn helgardag í mánuði á hverri stöð innan samþykktra fjárheimilda með tilraunaverkefni á vormisseri.



HELGAROPNUN Í FÉLAGSMIÐSTÖÐVUM



BODINN

24. febrúar
16. mars
20. apríl



GULLSMÁRI

10. febrúar
9. mars
6. apríl



GJÁBAKKI

17. febrúar
2. mars
13. apríl

Opið hús á laugardögum frá kl. 13:00 til 16:00.

- Margvíslegir viðburðir og skemmtun
- Heitt á könnunni, kaffi, te, kakó og eitthvað góðgæti með



Félagsmenn eru hvattir til að mæta, markmiðið er einfalt, bara hittast og hafa gaman.



Tilraunaverkefni um helgaropnanir

- Lagt var upp með tilraunaverkefni út apríl og munu undirritaður ásamt Stefáni Arnarsyni forstöðumanni félagsstarfsins taka saman greinargerð um verkefnið í maí.
- Verkefnið er gagnlegt að sjá hvernig mætingin er í félagsmiðstöðvunum, er hún mismunandi og hversu miklu máli skiptir að hafa skipulagða dagskrá og veitingar.
- Hversu mikla mönnun kallar verkefnið á og höfum við nægilega mikið af starfsfólki til að sinna verkefninu.



Helgaropnanir

- Mætingin var frábær í febrúar, þá var skipulögð dagskrá á öllum starfsstöðvum og talsvert gert úr. Boðið var upp á boccia kynningar, tískusýningar, bingó og tónlistaratriði.
- Í mars var ákveðið að bjóða ekki upp á skipulagð dagskrá, heldur frekar kaffi og samveru. Mæting dreifðist frekar yfir daginn en var heilt yfir góð, nokkuð misjöfn milli staða.
- Stefnt er að því að hafa dagskrá í apríl síðustu þrjú skiptin og taka saman afrekstur verkefnisins að því loknu.
- Að mati undirritaðs sem og forstöðumanns hefur verkefnið tekist vel hingað til í góðri samvinnu við Félag eldri borgara.
- Hvert er markmiðið með helgaropnunum? Erum við að opna fyrir fólk í félagslegri einangrun eða erum við að bæta í þjónustu fyrir alla?

